

Íbúaráð Kjalarness 9. mars 2023: Fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness um strætótengingar við Esjurætur - MSS22010202

Aðgengi að strætóþjónustu hefur minnkað til muna eftir að leið 57 hætti að stoppa við Esjurætur. Með það að leiðarljósi að auka þjónustu í Kollafirði er þeirri hugmynd velt upp að tengja leið 7 eða aðrar leiðir er keyra í Mosfellsbæ með því að láta leiðina keyra að Esjurótum og stöðva þar áður en haldið er til baka í Leirvogstunguhverfi. Óskað er eftir því að forsvarsmenn Strætó bs. leggi mat á raunhæfni hugmyndarinnar, m.a. hvort hún gangi upp innan núverandi hugmyndafræði Strætó bs. um hönnun leiðarkerfis. Nú þegar hefur íbúaráðið bókað um lækkun á hámarkshraða og umferðarljós á svæðinu til að möguleikar líkt og þessi séu fýsilegri. MSS22010202